

817. fundur

Árið 2025, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum mánudaginn 10. nóvember, kl. 8:00 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Ásrún Helga Kristinsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Jónína Magnúsdóttir og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Björn Sæbjörnsson boðaði forföll og ekki náðist að boða inn varamann.

Jónína Magnúsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

Dagskrá:

1. Fundargerð aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 2025.

Fundargerð aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum nr.49 lögð fram til staðfestingar stjórnar. Stjórn S.S.S. staðfestir fundargerð.

Á síðasta fundi stjórnar var eftirfarandi fært til bókar:

Framkvæmdastjóri hefur með heimild stjórnar S.S.S., leitað eftir áliti lögfræðisviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi atkvæðagreiðslu um breytingu á samþykktum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum sem átti sér stað á aðalfundi S.S.S. sem haldinn var laugardaginn 4.okt.

Niðurstaða lögfræðisvið Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur nú borist stjórn og framkvæmdastjóra og er hún eftirfarandi:

„Almenna reglan í félagarétti er sú að þegar greidd eru atkvæði hjá félagasamtökum þá teljast þeir sem sitja hjá ekki með í útreikningi. Það þýðir að þegar samþykktir segja „3/4 hluti atkvæða“ þá er vísað til þeirra sem greiða atkvæði, en ekki endilega þeirra sem eru mættir eða sitja hjá. Það, að hjásetja telji með, eins og er í sveitarstjórnarlögum er því frávik frá meginreglunni.

9. gr. samþykktar SSS segir „ Samþykktum þessum verður eingöngu breytt á aðalfundi, enda hljóti tillaga þar um samþykki minnst 3/4 hluta atkvæða.“ Samkvæmt almennum félagarétti þýðir þetta að ¾ hluti greiddra atkvæða þarf til að samþykktum verði breytt. Það þýðir að það er nauðsynlegt að fá á hreint hversu margir sitja hjá og hversu margir eru á móti til þess að meta hvort ¾ hluti greiddra atkvæða séu með

tillögunni. Það var ekki gert á umræddum aðalfundi miðað við upplýsingar frá þér.

Með hliðsjón af því verður að telja að tillagan hafi ekki verið rétt afgreidd á fundi. Hvernig á að bregðast við því er ákvörðun stjórnar en:

- 1) Hafi fundargerð ekki verið staðfest er hægt að gera athugasemd við fundargerð þar sem þetta sjónarmið kemur fram.*
- 2) Hafi fundargerð verið staðfest og send út er hægt að upplýsa um þessi mál og þá er það stjórnar að meta hvort kalla eigi saman aukaaðalfund til að taka málið fyrir aftur eða hvort málið verður tekið upp að nýju á næsta aðalfundi.*

Við teljum þó mikilvægt að benda ykkur á ósamræmi í samþykktum SSS. Í 4. Gr. segir „Aðal- og sambandsfundir eru ályktunarbærir ef löglega er til þeirra boðað. Sambandsfundur er ályktunarbær ef 2/3 hlutar fulltrúa eru mættir en 2/3 hlutfall þeirra þarf til að samþykkja ályktanir.“ Þarna kemur fram að það sé í raun 2/3 hluti mætttra fulltrúa sem þurfa að samþykkja ályktun til að hún gildi. Þetta ákvæði er mjög skýrt en á sama tíma er þetta strangara ákvæði en 9.gr. miðað við hvernig við túlkum hana.

Til upplýsinga hefur það komið reglulega fyrir að í félagasamtökum sem tengjast sveitarfélögum er óljóst hvort hjáseta teljist með eða ekki þar sem sveitarstjórnarlögin eru í raun frávik frá almennri reglu. Við hvetjum því alla til að hafa samþykktir mjög skýrar um þetta atriði þar sem almennt er ekki hægt að heima færa sveitarstjórnarlög yfir á félagasamtök heldur gilda þar almennar reglur félagaréttar.“

Stjórn S.S.S. leggur til að samþykktum verði breytt í samræmi við ábendingar lögfræðisviðs SÍS, þ.e.a.s. að 4. gr. sé í samræmi við 9. gr. Einnig þarf að færa inn í samþykktir heimild til þess að halda aðalfundi í fjarfundarbúnaði.

Í samræmi við álitid leggur stjórn S.S.S. til að auka aðalfundur verði haldinn eins fljótt og hægt er. Stjórn S.S.S. felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu og boða til fundar 9. desember, kl. 17:00.

- 2. Fundargerð framkvæmdahóps Farsældarráðs Suðurnesja nr. 1, dags. 25.09.2025.**
Lögð fram.

3. Tilnefning fulltrúa í stafrænt ráð Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fulltrúi S.S.S. hefur óskað eftir lausn vegna flutninga erlendis. Stjórn S.S.S. tilnefnir Helgu Maríu Finnbjörnsdóttur sem nýjan fulltrúa S.S.S. í stafrænt ráð Sambands íslenskra sveitarfélaga. Jafnframt vill stjórn S.S.S. þakka fráfarandi fulltrúa Valgerði Pálsdóttur fyrir hennar framlag og óskar henni velfarnaðar í nýju starfi.

4. Sjálfbærni uppgjör á Suðurnesjum vegna ársins 2024.

Lagt fram. Um er að ræða lokaár samnings S.S.S. við Klappir vegna kolefnisbókhalds fyrir öll Suðurnesin. Verkefnið hefur verið styrkt sem áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurnesja.

Stjórn S.S.S. felur framkvæmdastjóra að leita leiða til þess að fjármagna áframhaldandi samstarf í þessum málum.

Jafnframt leggur stjórn S.S.S. til að sveitarfélögin á Suðurnesjum vinni sameiginlega sjálfbærni- og loftlagsstefnu í samræmi við ný drög að Svæðisskipulagi Suðurnesja.

5. Tölvupóstur dags. 17.oct. frá European Travel Commission (ETC) vegna útnefningar á verkefni Markaðsstofu Reykjaness sem besta verkefni Íslands.

Verkefni Markaðsstofu Reykjaness Regenerate hefur verið valið af Evrópusambandinu fyrirmyndarverkefni Íslands og verður verkefnið kynnt í Evrópska þinginu síðustu vikuna í janúar 2026.

Nærandi ferðapjónusta (REGENERATE) er þriggja ára samstarfsverkefni innan Interreg Northern Periphery and Arctic Programme, leitt af Markaðsstofu Reykjaness. Verkefnið miðar að því að innleiða og efla sjálfbæra og nærandi ferðapjónustu í fjórum löndum – á Íslandi, í Finnlandi, Svíþjóð og á Írlandi.

Í verkefninu var unnið að greiningu á stöðu ferðapjónustu og kortlagningu hagsmunaaðila, líkan var þróað fyrir nærandi ferðapjónustu og upplýsinga-/gestastofa á þessum fjórum svæðum innan samstarfsins, fræðslu og vinnustofum fyrir ferðapjónustuaðila og sveitarfélög, mótun stefnu og aðgerðaráætlana sem stuðla að endurnýjun náttúru og samfélaga.

Markmið verkefnisins er að skapa ferðamennsku sem skilar raunverulegum ávinningi, fyrir náttúruna, fyrir fólkið og fyrir framtíðina.

Samkvæmt bréfi EU þykir verkefnið til mikillar fyrirmyndar fyrir Ísland og er talið geta lagt mikið á vogarskálarnar til þess að efla sjálfbærni og ábyrga ferðaþjónustu í Evrópu.

Stjórn S.S.S. óskar Markaðsstofu Reykjaness til hamingju með þetta verkefni.

6. Fundargerð þekkingarseturs Suðurnesja nr. 57, dagsett 25.09.2025.

Lögð fram.

7. Nýting gervigreindar í starfsemi sveitarfélaga, skýrsla frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Lögð fram. Stjórn S.S.S. felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu.

8. Byggðaaætlun C-1. Sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða fyrir árið 2026.

Innviðaráðherra auglýsir eftir umsóknum um framlög sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaaætlunar fyrir árin 2022-2036 vegna verkefna sem tengjast aðgerð C.1. Sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða.

Einungis landshlutasamtök sveitarfélaganna geta sótt um þá styrki sem hér eru auglýstir. Stjórn S.S.S. hvetur aðildarsveitarfélög sín til þess að skoða skilyrði fyrir umsókn og setja sig í samband við S.S.S. vegna umsóknarskrifa.

9. Önnur mál.

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur farið þess á leit við Héraðsdóm Reykjaness að dómkvaddir verði matsmenn til að meta kostnað ríkissjóðs af þeim aðgerðum sem ráðist var í til að draga úr eða koma í veg fyrir tjón í eldgosahrinu á Reykjanesskaga sem hófst í desember 2023.

Aðgerðirnar fólust einkum í gerð varnargarða við Grindavík og Svartsengi, hraunkælingu og vörnum við hitaveitulagnir. Heildarkostnaður er talin vera um 11 m.a.kr.

Stjórn S.S.S. minnir á að ábyrgð á almannavörnum, þar með vernd mannlífa og mikilvægra innviða gegn náttúruvá, hvílir fyrst og fremst á ríkinu samkvæmt lögum. Aðgerðir við Grindavík og Svartsengi vegna varnargarða, hraunkælingar og verndar hitaveitulagna, voru framkvæmdar til að verja mannlíf og heilsu, tryggja virkni grunninnviða fyrir fjölmenna byggð, alþjóðaflugvöll og stórt þjónustusvæði, sem er ekki einungis á Suðurnesjum.

Stjórnin hafnar þeirri nálgun að eðlilegt sé að líta á þessar aðgerðir fyrst og fremst sem fjárhagslegt hagsmunamál einstakra einkaaðila, sem síðan eigi að „endurgreiða“ ríkinu hluta kostnaðar.



Stjórnin hvetur fjármála- og efnahagsráðherra til að staldra við. Engin fordæmi eru fyrir því að sveitarfélög á Íslandi né aðrir þurfi að greiða fyrir varnargarða í tengslum vernd á t.d. aur- eða snjóflóðasvæðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. :9:40.

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir

Jónína Magnúsdóttir

Ásrún H. Kristinsdóttir

Berglind Kristinsdóttir